



# Launaþróun í lágum takti - kaupmáttur enn nokkuð stöðugur

## Árshækkun launa áfram lítil

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 0,54% milli ágúst og september sem er meiri hækkun en síðustu mánuði. Launavísitalan hækkar reyndar oft tiltölulega mikið í september, mögulega vegna þess að þá eru sumarstarfsmenn farnir af vinnumarkaði. Breytingin í september á ársgrundvelli var 4,2% sem er álíka breyting og verið hefur síðustu mánuði.

Síðustu ár hefur launavísitalan fyrst og fremst hækkað mikið í þeim mánuðum sem áfangahækkunir vegna kjarasamninga koma til. Þannig hækkaði launavísitalan um 3,5% í febrúar 2016 og 3,2% í maí 2017. Þessar einstöku hækkunir hafa farið töluvert minnkandi á síðustu árum. Þannig varð hækkun launavísitölunnar vegna kjarasamninganna frá í vor töluvert minni en verið hefur síðustu ár.


Viðræður vegna kjarasamninga flestra hópa á opinbera markaðnum hafa staðið yfir frá því í vor. Því hefur ekki verið um neinar launabreytingar að ræða þar á síðustu mánuðum sem dregur úr hækkun launavísitölunnar.

## Kaupmáttur enn á leið upp á við

Þrátt fyrir að töluvert hafi dregið úr hækkunum launa hefur kaupmáttur launa verið stöðugur undanfarna mánuði, og jókst frekar eftir að samningarnir voru gerðir. Kaupmáttur í september var þannig 1,2% meiri en á sama tíma í fyrra. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launa aukist um rúm 26%, eða u.þ.b. 5,5% á ári.


Næstu sammingsbundnu launabreytingar á almenna markaðnum verða ekki fyrr en í apríl á næsta ári og því má búast við að kaupmáttur láti eitthvað undan síga fram að því, nema launaskrið byrji að taka við sér. Þá hlýtur að fara að stytast í að nýir kjarasamningar verði gerðir á opinbera markaðnum

## 12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Mánaðarbreyting launavísitölu



Lárétta línurnar eru meðaltöl mánaðarhækkana viðkomandi árs.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



og munu áhrif þeirra lyfta launavísitölunni upp á við.

### Laun stóru hópanna

Tölur frá Hagstofunni um nánari samsetningu launavísitölunnar ná fram til júlí 2019. Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá júlí 2018 til júlí 2019, má sjá að áhrif tímasetninga kjarasamninga skipta verulegu máli. Launahækkunir á almenna markaðnum á þessum tíma voru þannig verulega meiri en á þeim opinbera. Kjarasamningar á almenna markaðnum voru gerðir í byrjun apríl og vikunum þar á eftir, en í júlí höfðu ekki verið gerðir neinir samningar á opinbera markaðnum.

### Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá júlí 2018 til sama mánaðar 2019 var mest hjá þjónustu-, sölu og afgreiðslufólki, 6,4%, og næst mest hjá verkafólki, 6,1%. Launavísitalan fyrir heildina hækkaði um 4,2% á þessum tíma og því virðist sem markmið kjarasamninganna um að hækka lægstu launin mest hafi gengið eftir. Laun sérfræðinga og stjórnenda hækkuðu áberandi minnst á þessu tímabili, eða undir 4%, sem er lægra en hækkun launavísitölu.


### Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hækkuðu laun vel umfram hækkun launavísitölu í nokkrum greinum milli júlí 2018 og 2019, eða í kringum 5,5%. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að nær engar launahækkunir á opinbera markaðnum draga hækkun launavísitölunnar niður. Laun í veitustarfsemi og fjármála- og váttryggingarstarfsemi hækkuðu langminnst á þessu tímabili.

### Útlit fyrir að markmið samninganna haldi


Nú hefur kjarasamningum verið lokað fyrir nær allan almenna markaðinn en langstærstur hluti opinbera markaðarins er enn með lausa samninga. Þær áherslur sem settar voru fram með lífskjarasamningnum svokallaða frá 3. apríl hafa greinilega náð fótfestu á nær öllum almenna markaðnum og einnig þeim fáu samningum sem hafa verið gerðir á þeim opinbera.

Launahækkun einstakra hópa




Breyting milli júlí 2018 og júlí 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta



Breyting milli júlí 2018 og júlí 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun í atvinnugreinum



Breyting milli júlí 2018 og júlí 2019  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Enn sem komið er sjást ekki mikil merki  
launaskriðs, sem oft gerist þegar hækkanir eru  
mestar á neðri enda launaskalans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.